

**8. aðalfundur Leiknar á Grand hóteli frá 16:00 – 16:30**  
**Miðvikudaginn 18. apríl 2012**

**Dagskrá aðalfundar**

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins
3. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjald
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
5. Lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kjör stjórnar (þegar við á)
8. Kosning skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

Mættir voru aðilar frá: Námsflokkum Reykjavíkur, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Símei, Framvegis, Starfsmennt, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Þekkingarneti Austurlands, Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Endurmenntun LBHÍ, Félagsmálaskóla alþýðu, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, Kvöldskóla Kópavogs, Fjölmenn, MSS, og Visku.

Iðunn setti fundinn kl. 16:00 og skipaði Erlu Björgu Guðmundsdóttur sem fundarstjóra og Eyrúnu Valsdóttur sem ritara og var það samþykkt samhljóða.

Þá tók Erla Björg við og kynnti dagskrá aðalfundar og gengið var til dagkrár.

**1. Skýrsla stjórnar.**

Iðunn las upp skýrsluna.

Sjöundi aðalfundur Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, var haldinn 25. mars, 2011. Á fundinum var stjórnarkjör. Iðunn Antonsdóttir, var kjörinn formaður. Aðrir í stjórn voru kjörnir, Eyrún Valsdóttir frá Félagsmálaskóla alþýðu, Hildur Bettý Kristjánsdóttir frá Símei, Halldóra Hinriksdóttir frá Opna háskólanum í Reykjavík, Emil Björnsson frá Fræðsluneti Austurlands. Varafulltrúar voru kjörnir Inga Dóra Halldórsdóttir frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Hulda Anna Arnljótsdóttir frá Starfsmennt. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þau Kristín Jónsdóttur, Kvöldskóla Kópavogs og Smári Haraldsson, Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Stjórn Leiknar hefur haldið 4 bókaða fundi frá aðalfundi 2011.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi. Eyrún Valsdóttir er ritari og Hildur Bettý Kristjánsdóttir gjaldkeri.

Á miðju ári fór Halldóra úr stjórn þar sem hún skipti um starfsvettvang. Fyrsti varafulltrúi, Inga Dóra tók því hennar sæti í aðalstjórn.

## **Starfsemi Leiknar:**

### ***a. Vinna að stefnumótun Leiknar:***

Á fyrsta stjórnarfundum Leiknar, sem haldinn var 09. ágúst 2011 var ákveðið að meginviðfangsefni Leiknar á starfsárinu yrði að vinna að stefnumótun samtakanna. Ákveðið var að halda stefnumótunarfund á Akureyri 10. janúar. Af óviðráðanlegum ástæðum dróst sú vinna og stefnumótunarfundur var haldinn fyrr í dag. Meginþemu sem unnið var með í dag í tveimur hópum í tveimur umferðum voru annarsvegar: *Hvert er hlutverk Leiknar og framtíðarsýn* og hinsvegar: *Innra starf Leiknar*. Niðurstöður verða svo birtar á heimasíðu Leiknar á næstu dögum.

### ***b. Erlent samstarf:***

Heildarsamtök fullorðinsfræðsluaðila í hverju Norðurlandanna hafa með sér regnhlífarsamtök, er samsvara Leikn. Öll þessi samtök reka þó sjálfstæðar skrifstofur með föstu starfsfólki og eru á þann veg ólík Leikn. Þessi samtök hafa með sér mikið samstarf og funda reglulega tvisvar á ári. Annan fundinn sitja einungis norrænu aðilarnir, framkvæmdastjórar og annað starfsfólk eftir því sem við á, en hinn fundurinn er með systursamtökunum í Eystrasaltsríkjunum. Leikn hefur tekið á öflugan hátt þátt í samstarfi þessara aðila. Dagana 1.-2. mars 2012 var fundur Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna haldinn í Tallin í Eistlandi. Formaður og gjaldkeri Leiknar sóttu fundinn, sem var hinn fróðlegasti. Á fundinum kynntu fulltrúar landanna eigin samtök og starfsemi, helstu áherslur og breytingar. Almenn má segja að starfsemi á Norðurlöndunum sé í föstu formi, þó kom fram að fjárframlög til málaflokksins í Finnlandi verða skert. Norrænu samtökin eru virkir þátttakendur í Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og Alþjóðasamtökunum (ICAE). Taka þau öll þátt í samstarfi á þess vegum í eigin nafni. Leikn er meðlimur í EAEA en stjórn Leiknar hefur ekki séð sér fært að taka þátt í fundum á vegum EAEA. Norrænu félagar okkar hafa sent fulltrúa sína á þá fundi og fengu þeir jafnframt umboð frá Leikn á síðasta fundi til kjósa í stjórn EAEA. Fjórir fulltrúar norrænu og baltísku samtakanna eru í stjórn EAEA.

### ***c. Gæðamat og þróun fullorðinsfræðslumála í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu:***

Þau svör hafa fengist að vinna er í gangi, en miðar hægt.

### ***d. Þátttaka í þingi um samþættingu menntastefnu og atvinnustefnu Íslands***

Þá sat formaður Leiknar hugmyndaþing starfshóps um menntun og atvinnusköpun sem haldið var í Tækniskóla Íslands 30. mars 2012. Fjallað var um breyttar áherslur í menntamálum, samþættingu menntastefnu og atvinnustefnu og eflingu starfsnáms í íslensku skólakerfi.

Starfshópur um menntun og atvinnusköpun ungs fólks hefur starfað frá því í september 2011 undir stjórn Skúla Helgasonar. Hópurinn var settur á laggirnar á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi í júní sama ár. Í skipunarbréfi starfshópsins kemur fram að hlutverk hans sé að móta aðgerðaráætlun sem skuli samþætta áherslur í mennta- og

atvinnustefnu og var þetta þing liður í því starfi. Við í stjórn Leiknar, sjáum þarna heilmörg tækifæri sem við getum nýtt okkur.

#### *e. Félagsaðilar að Leikn*

Stjórn hefur rætt um hverjir skuli geta orðið félagar í Leikn og ákvað að vísa málinu til umræðu á stefnumótunarfundi. Samkvæmt 5. gr. samþykktu Leiknar eiga fræðsluáðilar eða frjáls félagsamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraráðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis rétt til aðildar að samtökunum. Einnig geta orðið áðilar fræðsludeildir sem starfa á ofangreindum grunni.

#### *f. Fjárhagur Leiknar*

Leikn fær eingöngu fjármuni frá félagsgjöldum meðlima.

Engar fyrirspurnir komu varðandi hana og var hún samþykkt samhljóða.

### **2. Endurskoðaðir reikningar félagsins**

Hildur Bettý fór yfir endurskoðaða reikninga og áætlun sem dreift hafði verið.

Bettý fór yfir ársreikning Leiknar. Ársreikningi dreift. Einn félagsmaður hefur ekki greitt félagsaðild og því vantar uppá. Hlutur Fundar og ráðstefnukostnaður var mun lægri – einn reikningur var þrígreiddur. Verður lagfært. Þá var farið yfir áætlun ársins 2012. Við bættist kostnaður við nýjan hugsanlegan starfsmann. Kostnaður vegna erlends samstarfs verður meiri þar sem búið er að fara í eina ráðstefnu. Rekstur kemur út í mínus og helgast af því að við erum að greiða helming árgjalds eða bæta við eins og áður. Viljum við hækka félagsgjöldin með það í huga að eiga meiri peninga – miðað við að við ráðum starfsmann þá verðum við í mínus í lok árs.

### **3. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjald**

Fjárhagsáætlun – Bettý fór yfir áætlunina. Í ljós koma að villa var í útreikningum og var það leiðrétt. Nýr verður sendur til félagsaðila. Bettý fór yfir leiðréttu áætlun, miðað við að þátttökugjöld hækki og að nýr starfsmaður verði ráðinn. Svo sagði hún einnig frá innistæðu í sjóðnum.

### **4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga**

Ársreikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum – enginn greiddi á móti. Þar sem upp kom villa í fjárhagsáætlun 2012, var farið í næsta lið, meðan fjárhagsáætlun var leiðrétt. Guðrún opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og fjárhagsáætlun.

Emil lagði til að með að ráða starfsmann þá ættu félagsgjöldin ættu að vera þau sömu og áður og þar með hækka gjaldið. Tvær tillögur komu fram en þær eru annars vegar 25 þús. og hinsvegar 50 þús. Allir greiddu því atkvæði samhljóða að hækka í 50. þús. með handauppréttingum. Fjárhagsáætlun var samþykkt – enginn á móti.

## 5. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar voru til umræðu.

## 6. Kosning formanns.

Iðunn býður sig fram aftur og var það samþykkt með lófataki.

## 7. Kjör stjórnar (þegar á við)

Iðunn fór yfir tilnefningu nýrra aðila í stjórn. Í aðalstjórn kemur nú Guðrún Lárusdóttir LBHÍ. Varamenn verða Anna Lóa Ólafsdóttir MSS og Sólveig Silja Snæbjörnsdóttir Framvegis. Var þetta samþykkt einróma.

### *Tillaga að nýrri stjórn:*

Iðunn Antonsdóttir formaður, Námsflokkar Reykjavíkur  
Emil Björnsson, Þekkingarnet Austurlands  
Eyrún Björk Valsdóttir, Félagsmálaskóli alþýðu  
Hildur Bettý Kristjánsdóttir, Símey  
Hulda Arnljótsdóttir, Starfsmennt  
Guðrún Lárusdóttir - LBHÍ

### *Til vara:*

1. Anna Lóa Ólafsdóttir – MSS
2. Sólveig Silja Snæbjörnsdóttir - Framvegis

Var þetta samþykkt samhljóða.

## 8. Kosning skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þau Smári Haraldsson, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Kristín Jónsdóttir, Kvöldskóli Kópavogs.

## 9. Önnur mál:

Iðunn sagði frá gagnlegri ráðstefnu sem hún og Bettý sóttu í Tallin. Þá heimsótti Iðunn líka dönsk systrasamtök í Danmörku og var það lærdómsríkt. Ekkert fleira rætt.

## Fundi slitið 16:30

---

Erla Björg Guðmundsdóttir  
Fundarstjóri

---

Eyrún Valsdóttir  
Fundarritari